

66. stjórnarfundur Bergrisans bs.

20.11.2023

Staðsetning: fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 13:00

Fundinn sátu: Fjóla Kristinsdóttir, Anton Kári Halldórsson, Ása Valdís Árnadóttir, Sandra Sigurðardóttir, Elliði Vignisson Svava Davíðsdóttir, Anný Ingimarsdóttir, Sigbrúður Birta Jónsdóttir og Íris Ellertsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð. Steinunn Erla Kolbeinsdóttir er gestur undir fyrri fundarlið.

Dagskrá

1. Staða samningaviðræðna við Sólheima

Samningaviðræður við Sólheima standa yfir. Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögmaður, fjallar um forsendur núverandi samnings við Sólheima og kynnir jafnframt tillögur að samningi en ný samningsdrög byggja á núverandi samningsforsendum ásamt því sem horft er til fyrirbyggjandi gagna við vinnuna, t.a.m. greiningu HLH ráðgjafar sem unninn var að beiðni stjórnar Bergrisans.

Samningur við Sólheima rennur út um áramótin og leggur stjórn Bergrisans því áherslu á áframhaldandi samningaviðræður í samræmi við upplegg sem Steinunn kynnir á fundinum. Verkefnastjóri Bergrisans ásamt formanni stjórnar Bergrisans í samvinnu við Steinunni Erlu fara fyrir samningaviðræðunum.

2. Starfsemi Bergrisans

Samráðshópur leggur fram tillögu að auglýsingu fyrir skrifstofustjóra Bergrisans bs. Jafnframt eru lögð fram drög að starfslýsingu fyrir starfið og drög að starfslýsingu verkefnastjóra Bergrisans. Stjórn Bergrisans samþykkir starfslýsingarnar og auglýsinguna.

Fyrir liggja tilboð í ráðningarferlið frá þremur ráðningarskrifstofum og samþykkir stjórn að ráða Intellecta til að halda utan um ráðningaferli nýs skrifstofustjóra Bergrisans bs. Stjórn Bergrisans felur jafnframt Fjólu St. Kristinsdóttur og Ásu Valdísi Árnadóttur fyrir hönd Bergrisans að sjá um ráðningarferlið með Intellecta.

Fundi slitið klukkan 14:21

